

Alþingi  
Erindi nr. P 127/502  
komudagur 13. 12. 2001



# Fuglaverndarfélag Íslands

Pósthólf 5069, 125 Reykjavík • Sími: 562 0477 • Bréfasími: 551 6413  
Netfang: fuglavernd@fuglavernd.is • Heimasíða: www.fuglavernd.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. desember 2001

## Efni: Tillaga að stækkun friðlands í Þjórsárverum

Stjórn Fuglaverndarfélags Íslands er sammála því að stækka þurfi friðlandið í Þjórsárverum og telur afar brýnt að ekki verði farið út í frekari framkvæmdir í Þjórsárverum. Þegar hefur verið gengið talsvert á verin með Kvíslaveitum og öðrum framkvæmdum. Stækkun friðlands hefur verið baráttumál félagsins í mörg ár. Má í því efni benda á ályktun aðalfundar félagsins frá árinu 1998. Ályktunin var send Ríkistjórn Íslands, Alþingi, Umhverfisráðuneyti, Náttúruvernd líksins, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Landsvirkjun og fjölmiðlum (Fréttabréf nr. 25, afrit fylgir bréfi þessu). Ennfremur ályktaði aðalfundur 1995 um virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum og um hálandisvirkjanir (Fréttabréf Fuglaverndarfélagsins nr. 15).

Hluti Þjórsárvera er friðlýstur nú þegar. Þau eru eitt þriggja Ramsar-svæða á Íslandi og því eðlilegt og rökrétt að stækka friðlandið, þar sem hluti Þjórsárvera er utan þess. Auk þess telur stjórn Fuglaverndarfélagsins löngu orðið tímabært að friðlýsa Gljúfurleit og fossinn Dynk, sem er einn tígulegasti og fallegasti foss landsins, í flokki með náttúruperlum á borð við Gullfoss, Dettifoss, Goðafoss og Fjallfoss. Vatnsrennsli í Dynki hefur minnkað nokkuð og er ástæðan Kvíslaveitur og miðlun þaðan til Þórisvatns.

Virðingarfyllst,

  
Ólafur Einarsson, ritari

## Flórgoðinn og Urriðakotsvatn

Ályktun send bæjarstjórn Garðabæjar:

*Í ljósi þess að flórgoðinn er í útrýmingarhættu á Íslandi, að Urriðakotsvatn í landi Garðabæjar er annað aðalathvarf hans á Suðvesturlandi, og að umferð manna við Urriðakotsvatn hefur stórauðist á síðustu árum, þá skorar aðalfundur Fuglaverndarfélags Íslands, haldinn í Norræna húsinu laugardaginn 25. mars 1995, á bæjaryfirvöld í Garðabæ að setja reglur um umferð og not manna af svæðinu. Félagið hvetur m.a. til þess að fólki verði bannað að vaða um stararbreiðurnar þar sem flórgoðarnir verpa, að gangandi umferð verði á kerfisbundinn máta beint frá þessum viðkvæmu svæðum m.a. með lagningu göngustíga, að algjört siglingabann verði tryggt yfir varptímann, og að netaveiði verði bönnuð í vatninu svo og allar tilraunir til fiskiræktar.*

### Greinargerð:

Þessari ályktun er beint til bæjaryfirvalda í Garðabæ. Ástæðan fyrir ályktuninni er aukin truflun af mannavöldum við Urriðakotsvatn og skortur á formlegum umgengnisreglum sem segja hvað megi og hvað megi ekki, á og við vatnið. Urriðakotsvatn og Ástjórn eru eina athvarf flórgoðans á Suðvesturlandi. Flórgoðar dvelja á Urriðakotsvatni allt sumarið og a.m.k. eitt þar varp þar bæði 1993 og 1994. Fólk sækir í auknum mæli að vatninu á sumrin, m.a. stangaveiðimenn, siglingamenn og göngumenn. Varpstaðir flórgoðanna eru í stararbreiðum í Vatnsvíki og í Vesturvíki. Truflunin var það mikil sumarið 1994 að hvorugt flórgoðaparið, sem dvaldi á vatninu, kom upp ungum, en annað parið gerði hreiður og varp en steyp var undan fuglunum.

## Um verndun fjöru og grunnsævis á Innesjum

Ályktun send Umhverfisstofnuneyti, Náttúruverndarráði og sveitarstjórnunum eftirtalinna sveitarfélaga: Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Bessastaðahrepps, Kópavogs, Reykjavíkur, Seltjarnarness og Mosfellssveitar:

*Aðalfundur Fuglaverndarfélags Íslands, haldinn í Norræna Húsinu laugardaginn 25. mars 1995, skorar á sveitarstjórnir á Innesjum að móta nú þegar framtíðarstefnu varðandi verndun á fjörum og grunnsævi. Fundurinn beinir því til sveitarstjórnanna að friðlýsa strax hluta þeirrar strandlengju sem enn er óröskuð.*

### Greinargerð:

Á undanförunum áratugum hefur mjög verið gengið á fjörur og grunnsævi á Innesjum, oft meira af kappi en forsjá, sbr. uppfyllingar eins og í Elliðavogi og við Hvaleyrarlón. Fjörur og grunnsævi eru mikilvæg búsvæði fjölda lífvera og ein fjörugerð, leiran, hefur úrslitþýðingu fyrir afkomu stórra fuglastofna sem þar hafa

viðkomu. Nú þegar hafa rúm 25% leira á Innnesjum verið eyðilagðar. Loks ber að geta þess að fjörur eru mjög vinsælt útivistarsvæði.

Það er skylda okkar að huga að framtíðinni, búa í haginn fyrir komandi kynslóðir og skila þeim landinu í viðunandi ásigkomulagi. Sum sár verða aldrei grædd. Markviss stefna sveitarfélaganna í málum þessara viðkvæmu náttúruperla er nauðsyn, en það stefnuleysi sem nú virðist ríkja er óviðunandi.

## Ályktun um virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum

Ályktun send Iðnaðarráðuneytinu, Umhverfissráðuneyti og Náttúruverndarráði:

*Aðalfundur Fuglaverndarfélags Íslands, haldinn í Reykjavík þ. 25. mars 1995 lýsir andstöðu sinni við hvers konar áform um virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum. Þjórsárver eru friðlýst svæði á grundvelli náttúruverndarlaganna ásamt því að vera skráð alþjóðlega mikilvægt votlendi samkvæmt Ramsar-samþykktinni um verndun votlendis með alþjóðleg gildi.*

### Greinargerð:

Þjórsárver eru eina votlendissvæðið á miðhálandi Íslands sem hefur verið friðlýst. Önnur votlendi á miðhálandinu sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla eru t.d. Fljótsdalsheiði og Eyjabakkar, sem koma til með að raskast að meira eða minna leyti við áformaða Austurlandsvirkjun. Þjórsárver ásamt Eyjabökkum halda uppi miklum hluta af stofni heiðagæsa í heiminum ásamt því að búa yfir sérstökum gróðursamfélögum.

Tillögur Landsvirkjunar um virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum gera ráð fyrir miðlunarlóni ofan Norðlingaöldu, neðan 581 metra hæðarlínu yfir sjávarmáli. Slíkt lón myndi færa um 16 km<sup>2</sup> gróins lands í kaf, en það samsvarar 12% gróins lands í Þjórsárverum (Þóra Ellen Þórhallsdóttir 1994). Landsvæði þetta væri til viðbótar þeim 5 km<sup>2</sup> gróins lands sem þegar hafa farið undir virkjanalón á vatnasviði Þjórsár.

Niðurstöður rannsókna dr. Þóru Ellenar Þórhallsdóttur (1994) á náttúru Þjórsárvera og hugsanlegum áhrifum miðlunarlóns ofan Norðlingaöldu á jarðveg og gróðurfar, gefa til kynna að auk beinna áhrifa, þ.e. kaffæringar gróins lands, verði breytingar á grunnvatnsstöðu og vind- og vatnsrof raski bökkum lónsins. Slíkar breytingar munu án efa hafa umtalsverð áhrif á einstakt vistkerfi Þjórsárvera og leiða til þess að stærsta friðlýsta votlendi miðhálandisins myndi ekki verða sú náttúruperla sem Þjórsárver eru nú.

Heimild: Þóra Ellen Þórhallsdóttir 1994. Áhrif miðlunarlóns á gróður og jarðveg í Þjórsárverum. - Líffræðistofnun háskólans, Reykjavík.

## Grútarmengun á Seyðisfirði

Aðalfundur Fuglaverndarfélags Íslands, haldinn í Reykjavík 24. mars 1995 skorar á bæjaryfirvöld á Seyðisfirði og yfirvöld umhverfismála að ráða hið snarasta bót á grútarmengun á Seyðisfirði.

### **Greinargerð:**

Grútarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum og við löndun er sums staðar viðvarandi vandamál, þrátt fyrir skýr ákvæði um skyldur verksmiðja og útgerða að koma í veg fyrir slíkt. Grútarmengun skaðar lífríki fjöru og grunnsævis, er ljót á að horfa og er í hrópandi andstöðu við hreinleika mynd landsins. Seyðisfjörður er einn þeirra staða þar sem grútarmengun hefur verið viðvarandi vandamál um árabíl og virðast bæjaryfuvöld þar hafa látið hana viðgangast átölulaust. Tugir og jafnvel hundruð fugla hafa drepist sum árin eftir að hafa lent í fitubræk. Æðarvarpi í firðinum og jafnvel næstu fjörðum er í mikilli hætti verði ekkert að gert. Fuglaverndarfélaginu er kunnugt um að umhverfisráðuneytið sé í samvinnu við hlutaðeigandi aðila að vinna að lausn á grútarmengun og vonast til þess að eitthvað raunhæft komi úr því starfi.

## **Hálendisvirkjanir**

Aðalfundur Fuglaverndarfélags Íslands, haldinn í Reykjavík 25. mars 1995 ályktar eftirfarandi um hálendisvirkjanir:

*Stórefla þarf umhverfisrannsóknir á miðhálandi Íslands og tryggja að rannsóknir á náttúrfari haldist í hendur við rannsóknir á virkjanakostum.*

*Flokka þarf hálendisvæði eftir verndargildi og taka ákvörðun um friðun einstakra svæða í tengslum við skipulag miðhálandis.*

*Fallið verði frá áformum um skerðingu einstæðra hálendisvinjanna, svo sem Þjórsárvera og Eyjabakka.*

*Ekki er tímabært að taka ákvörðun um svokallaða Austurlandsvirkjun fyrr en lokið hefur verið við nauðsynlegar umhverfisrannsóknir.*

## **Dagskrá vormánaða**

Allir eru velkomnir á upptökur Fuglaverndarfélagins, hvort sem þeir eru félagar eður ei.

### **Fuglaskoðunarferð 30. apríl - Til móts við farfuglana**

Fuglaskoðun verður sunnudaginn 30. apríl. Sérstaklega verður hugað að farfuglum sem eru sem óðast að koma til landsins. Farið verður í neðanverðan Flóann (Stokkseyri og Eyrarbakka), Sogið og víðar eins og tími og veður leyfa. Létt fjöruganga verður á Eyrum. Mjög fjölskrúðugt fuglalíf er þarna á vorin og allt iðandi af líffi. Von er til að sjá fyrstu krúmar.

Lagt verður upp frá Umferðarmiðstöðinni kl. 09,00 og komið aftur um kvöldmat.

Tilkynnið þátttöku fyrir föstudagskvöld í sífnum 40241 (Árni) og 36420 (Hallgrímur).

### **Álftanesdagur 7. maí - Lífríki Álftaness, staða og framtíð**

Í samvinnu við sveitarstjórn Bessastaðahrepps verður efnt til Álftanessdags sunnudaginn 7. maí.

Dagskráin hefst í íþróttahúsi Bessastaðahrepps kl. 10,00 með erindi Guðmundar A. Guðmundssonar um náttúruvernd í hreppnum, með höfuðáherslu á fuglavernd. Að erindinu loknu verður gengið með fjörum meðfram Kasthúsátjóm, um Seilu að Bessastöðum. Áætlað er að erindið taki um klukkustund og gangan 2-3 klst.

### **Leirudagur í Kópavogi 14. maí**

Sunnudaginn 14. maí verður efnt til leirudags í samvinnu við Náttúrufræðistofu Kópavogs og Kópavogsbæ. Þema dagsins er leiran og lífríki hennar, með höfuðáherslu á umferðarfugla sem nýta sér leiruna til að byggja upp orkuforða fyrir farflugið. Hilmar Malmquist og samstarfsmenn hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs munu safna hryggleysingjum og hafa til sýnis á stofunni, ásamt veggspjöldum o.fl. sem tengist viðfangsefninu. Fuglaskoðun verður í Kópavogi vestan við Kópavogshælið (við Urðarbraut).

Leirudagurinn stendur yfir frá 11,00 til 16,00. Nánari upplýsingar hjá Árna Waag í síma 40241 og Náttúrufræðistofu Kópavogs í síma 40630.

### **Flórgoðadagurinn 21. maí við Ástjörn**

Fuglavemdarfélagið hefur nú í tvö ár staðið fyrir flórgoðadegi og er ætlunin að viðhalda þeim sið að vekja athygli á þessum skrautlega og skemmtilega fugli sem á undir högg að sækja og er í útrýmingarhættu hér á landi.

Flórgoðadagurinn verður sunnudaginn 21. maí við Ástjörn sunnan Hafnarfjarðar. Þar munu reyndir fuglaskoðarar verða fólki til leiðsagnar og fróðleiks frá kl. 14,00 til 16,00 og segja frá flórgoðanum og kynna hið fjölskrúðuga fuglalíf sem náttúruperlan Ástjörn fóstrar svo ríkulega.

## **Ráðstefna um náttúruverndarmál á Innnesjum (höfuðborgarsvæðinu)**

Ráðstefna verður haldin um náttúruverndarmál á Innnesjum í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 29. apríl með þátttöku náttúru- og umhverfisverndarnefna sveitarfélaga á Innnesjum.

Öllum er heimill aðgangur og eru félagar hvattir til að mæta.

### **Hvala- og sjófuglaskoðun**

Hvala- og sjófuglaskoðun er fyrirhuguð helgina 10.-11. júní. Verður nánar auglýst í fjölmiðlum.

## **Fréttir frá Austurlandsdeild Fuglaverndarfélagssins**

Senn líður að því að Austurlandsdeildin vakni af sínum vetrardvala. Reyndar rumskaði hún í mars, en 25. þess mánaðar hélt doktor Ólafur Karl Nielsen góðan fyrirlestur um fálkann og rjúpuna á vegum félagsins. Mæting hefði mátt vera betri, en 17 manns hlýddu á Ólaf.

Framundan er að kalla inn upplýsingar frá síðasta sumri varðandi könnun á útbreiðslu varpfugla á Héraði, vöktun flórgoðavarpa og rjúpnatalningu, áður en sumarstarfið hefst. Stefnt er að því að halda þessum verkefnum áfram. Þann 1. maí stendur deildin fyrir allsherjartalningu gæsa og álfta á Héraði, en talningar þessar hafa verið frankvæmdar frá 1993.

Síðastliðið vor var farin fuglaskoðunarferð í samvinnu við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs. Ferðin tókst með ágætum og er ákveðið að hún verði árviss í byrjun maí.

Skarphéðinn G. Þórisson, form. Austurlandsdeilar

---

### **FRÉTTABRÉF FUGLAVERNDARFÉLAGS ÍSLANDS**

Útgefandi: Fuglaverndarfélag Íslands, Pósthólf 5069, 125 Reykjavík.

Ritnefnd: Jóhann Óli Hilmarrson (ábyrgðarm.) og Ólafur Einarsson.

Setning: Gunnlaugur Pétursson.

Fjölritun: Stensill hf., Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík.

# FUGLAVERNDARFÉLAG ÍSLANDS FRÉTTABRÉF

Nr. 15

8. árg. – 2. tbl.

Apríl 1995

## Fuglaskoðarar - Fuglaskoðarar Gefið gaum að litmerktum fuglum

Undanfarið hefur það færst í vöxt að fuglar eru merktir með ýmiss konar lituðum plastmerkjum sem sjást á löngu færi. Litmerki gera kleift að þekkja einstaklinga í sundur án þess að þurfa að handsama þá eða þekkja fugla frá ákveðnum merkingastöðum.

Litmerkingar gefa ómetanlegar upplýsingar um ferðir, far og hætti fugla. Hægt er að raða saman æviferli einstakra fugla með upplýsingum byggðum á aflestrum litmerkja. Vísindamenn treysta oft á velvilja áhugamanna við að skrá og koma til skila upplýsingum um merkta fugla.

Merkingum á vaðfuglum og sflamáfum með litmerkjum hafa verið gerð skil í Blika (6:68-72 og 8:miðopna). Að auki hefur nokkuð verið merkt af svartfuglum og spörfuglum, en þeim verða ekki gerð skil hér. Mest hefur þó sennilega verið merkt af andfuglum af þeim fuglum sem hér hafa búsetu eða viðkomu. Það er tilgangur pistils þessa að skýra nokkuð frá helstu merkingum sem eru í gangi á andfuglum, svo og einum vaðfugli, svo fuglaskoðarar og merkjalesarar geti glöggvað sig á því hvers er að vænta og hvað beri að skrásetja þegar merktur fugl sést, einnig hvert beri að senda upplýsingar. Athugið að fuglar eru jafnframt ævinlega merktir með venjulegum málmmerkjum merkingarlandsins.

Bresku samtökin Wildfowl and Wetlands Trust hafa yfirumsjón með litmerkingum á andfuglum á Bretlandseyjum og eru litmerkingar á íslenskum andfuglum, eins og álfum og gæsum, framkvæmdar í samráði við þau. Merkingar á staðbundnum íslenskum fuglum, eins og æðarfuglum, eru alfarið í höndum Náttúrufræðistofnunar eða annarra innlendra aðila.

Löndin í svigunum í upptalningunni hér á eftir eru þau lönd þar sem viðkomandi litmerki eru notuð.

þéttbýlisstaði. Þar er fólk jafnvel að stelast í vörp innan landamerkjja lög-  
býla, hver og einn gengur í vörpin sem honum sýnist. Af því leiðir að fólk  
er að heimsækja kriuvörpin á mismunandi tíma, jafnvel þegar egg eru  
orðin stropuð, og krian fær ekki tækifæri til að liggja á og koma upp sínum  
ungum.

Afhverju að tína eggin hennar? Verður fólk einhvern tímann hugsað til  
þess hvað kriumar hafa lagt á sig til þess að koma hingað og verpa og  
koma upp ungunum? Menn ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir snæða  
kriuegg.

Ólafur Einarsson

## **Björgum Þjósárverum**

### **Ályktun aðalfundar um Norðlingaöldulón**

Aðalfundur Fuglaverndarfélagss Íslands mótmælir harðlega gerð Norð-  
lingaöldulóns í friðlandinu í Þjósárverum, enda mundi slíkt lón (62 km<sup>2</sup>)  
valda óbætanlegum spjöllum á þessu einstæða og heimsþekktu náttúru-  
friðlandi. Jafnframt ítrekar fundurinn ályktanir aðalfundar frá 1995 um  
hálandisvirkjanir (Fréttabréf nr. 15 í apríl 1995).

#### **Greinargerð:**

Þjósárver eru friðlýst skv. lögum og eru á skrá Ramsar-sáttmálans um  
alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Þar er langstærsta heiðagæsabyggð í  
heimi og sérstakt gróðurfar og landslag. Það lón sem nú er á áætlun  
Landsvirkjunar, er að mestum hluta innan friðlandsins. Áætluð stærð  
lónsins er 62 km<sup>2</sup> og þar af eru 17 km<sup>2</sup> algróið land, um 15% af varplandi  
heiðagæsanna. Auk þess verpa þarna fjölmargir aðrir fuglar eins og him-  
brimi, hávella, straumönd, sendlingur, óðinshani og snjótittlingur. Norð-  
lingaöldulón mun algjörlega eyða Eyvafeni, Þúfuveri að mestu og stór-  
skaða Tjamarver og Oddkelsver.

Norðlingaöldulón yrði þriðja stærsta stöðuvatn landsins. Fyrir utan  
beina eyðileggingu af völdum lónsins verður mikið rof við bakka þess og  
áfök úr lónstæðinu snemma vors og á haustin. Breytingar á grunnvats-  
stöðu munu skapa mikla hættu í þeim hluta veranna sem eftir yrðu, því þá  
gæti sífrerinn horfið vegna varmamiðlunareiginleika vatnsins og aukins  
grunnvatsþrýstings. Því er hætta á að þá myndu verin hreinlega blása upp.




Þegar hefur talsvert verið gengið á verin og friðlandið austan Þjórsár með Kvislaveitum. Við gerð Kvislaveitna og tilurð Kvislavatns og Dratt-halavatns hefur verið tekið fyrir um 20% af rennsli Þjórsár um verin og rúmir 7 km<sup>2</sup> algróins lands verið settir undir vatn. Auk þess var fjölmörg-um lindum og lækjum var veitt til Kvislaveitulóna. Þessi lífvana jökullón eru alls um 22 km<sup>2</sup> og því níunda stærsta vatn landsins.

Fuglavemdarfélagið beinir því til Náttúruverndar ríkisins að snúa vörn í sókn og kanna hvort ekki megi stækka núverandi friðland, t.d. með því að friðlýsa Eyvafen, Kjálkaver og Gljúfurleit, hrikaleg gljúfur Þjórsár sunn- an Þjórsárvera. Þar eru hrikaleg mikill gróður og fallegir fossar (t.d. Dynk og Gljúfurleitarfossi), einstæðar náttúrusmíðar. Auðugt fuglalíf er í Eyva- feni og Kjálkaveri, líkt og í friðlandinu í Þjórsárverum.

Fuglavemdarfélag Íslands telur að myndun Norðlingaöldulóns sé brot á friðlýsingu Þjórsárvera, brot á Ramsar-sáttmálanum og er því algerlega óásættanlegt.

#### Sendist:

Ríkisstjórn Íslands  
Alþingi  
Umhverfissráðuneyti  
Náttúruvernd Ríkisins  
Náttúruverndarsamtökum Íslands  
Landsvirkjun  
Fjölmíðlum



Viðtakandi:

## Dagskrá sumarsins Vettvangsfræðsla

Ferð í friðlandið í Flóa, sunnudaginn 21. júní.

Fuglaskoðun og önnur náttúruskoðun í friðlandi Fuglaverndarfélagssins og Eyrabakka þann 21. júní. Þar verður líka skoðaður árangur stíflunar skurða í friðlandinu sem framkvæmdar voru á liðnu sumri, einnig verða kynntar aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir.

Hittumst við afleggjarann að bænum Sólvangi kl. 14:00, þaðan verður svo ekið yfir í friðlandið. Áætlað er að ganga frá Stakholti upp með tjörnunum og yfir að Rauðopnu og þaðan eftir vegslóða tilbaka í Stakholt. Munið eftir stigvélunum!

---

### Leiðrétting

*Neðst á bls.3 í síðasta fréttabréfi (nr.24) vantaði eftirfarandi línu:  
Þess og framkvæmdanna blotnaði svo rækilega í engjunum, að fresta varð*

---

### FRÉTTABRÉF FUGLAVERNDARFÉLAGS ÍSLANDS

Útgefandi: Fuglaverndarfélag Íslands, Pósthólf 5069, 125 Reykjavík.

Sími og fax: 562 0477.

Ritnefnd: Jóhann Óli Hilmarsson (ábyrgðarm.) og Ólafur Einarsson.

Setning: Gunnlaugur Pétursson.

Teikningar eru frá *The Royal Society for the Protection of Birds*.

Fjölritun: Stensill hf., Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík.

Efni greina í Fréttabréfinu þurfa ekki endilega að túlka stefnu félagsins.



# Fuglaverndarfélag Íslands

## FRÉTTABRÉF

---

Nr. 25

11. árg. – 2. tbl.

Júní 1998

---

### Farfuglakomur vorið 1998

Höfundur hefur fylgst með og safnað upplýsingum um farfuglakomur nú í vor. Þess háttar lesefni hefur ekki verið birt síðan í Náttúrufræðingnum á fjórða áratug aldarinnar og því langaði mig til að segja lesendum Fréttabréfsins frá komum fyrstu farfuglanna. Far fugla hefur jafnan hrifið manninn frá örófi alda hér á norðurhveli, og það yljar jafnan hjartað er fréttir berast af helstu vorboðunum heiðlóu, kríu og spóa. Það er þó rétt að minna á, að oftast kemur meginþorri fuglanna nokkru síðar en þeir fyrstu sjást.

Fyrstu farfuglar ársins voru álfir, en 6 slíkar sáu taka land í Hornafirði 10. mars, næsta dag var silamáfurinn mættur á Innesin og 13. mars sáu fyrstu skúmarnir í Örafum. Um og eftir 20. mars færðist fjör í farfuglakomur, en þá sáu fyrstu grágæsarhóparnir í Örafum og fyrstu skógarprestimir mættu á Kvísker 22. mars. Þeir voru kommir um mest allt land 10. apríl. Himn 23. mars sáu fyrstu tjaldar Norðurlands á Akureyri og vorboðinn ljúfi, heiðlóan, fannst að þessu sinni 26. mars í Kópavoginum.

Rauðhöfða- og urtendur mættu á Suður- og Suðausturlandi 29.-30. mars, þ. 30. sáu fyrstu lundarnir á Ingólfshöfða, en fregnir bárust ekki frá Eyjum. Þann 2. apríl fjölgaði andfuglum, en þá sáu fyrsti margæsarhópurinn (30-50 fuglar) í Arnarnesvogi, sem er heldur snemmt og fyrsti flórgoðinn í Nesjum, sama dag sáu duggendur í Nesjum. Þriðja apríl sáu skúfendur á Mýrum austur og 4. apríl sáu blesgæsir í Þykkvabænum, gargandapar við Höfn og hrossagaukar byrjuðu að koma. Grafendur fundust á Akureyri 5. apríl og 9. apríl sáu sandlóur og lóuprælar á Höfn, en það varð svo að biða smátíma, uns tvær síðastnefndu tegundirnar birtust aftur á sjónarsviðinu.

Tíunda apríl voru heiðagæsir mættar í Þykkvabæinn og þúfutittlingar undir Eyjafjöllum. Fyrsta skeiðöndin, sem er sjaldgæfa öndin á Íslandi, fannst 11. apríl á Mývatni, tvær fylgdu í kjölfarið, ein á SA-landi og hin á